

Kópavogsbær  
Smári Smáráson,  
skipulagsstjóri  
Fannborg 2  
200 Kópavogur



Reykjavík, 23. ágúst 2010  
Tilvísun: UST20100500020/abg

### **Efni: Bláfjöll, skíðasvæði, breytt deiliskipulag.**

Umhverfisstofnun vísar í erindi dags. 3.mái sl. þar sem óskað er eftir umsögn stofnunarinnar vegna tillögu að breyttu deiliskipulagi skíðasvæðis Bláfjalla.

### **Mannvirkjagerð**

Deiliskipulagsbreyting þessi fjallar um þær framkvæmdir sem ekki hafa hlotið umfjöllun um mat á umhverfisáhrifum, en nokkrar framkvæmdir hafa fallið niður auk þess sem ný atriði hafa bæst við með deiliskipulagsbreytingunni.

#### *Heildaryfirlit bygginga*

Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins reka tvo skála í Bláfjöllum. Það eru Borgarskálinn sem er byggður árið 1976 og Bláfjallaskáli sem er byggður árið 1982. Þá eru vélaskemmur á svæðinu auk lítilla húsa við hverja lyftu sem hýsa stjórnbúnað þeirra. Sex íþróttafélög hafa verið með skíðadeildir sínar í Bláfjöllum. Fimm þeirra eiga og reka skíðaskála í Bláfjöllum og eru þeir eftirfarandi:

- Ármannsskáli í Sólskinsbrekku byggður árið 1989.
- Skíðaskáli skíðamiðstöðvar Kópavogs tekinn í notkun árið 1990.
- Skíðaskáli Fram við Eldborgargil byggður árið 1990.
- Skíðaskáli skíðadeilda ÍR og Víkings sem tekinn var í notkun 2009.

Auk þessara skála voru Haukar með lítið hús sem í dag er nýtt sem lyftuhús. Skátaskálinn Gilitrutt er á flata fyrir neðan Drottningargil.

#### *Heildaryfirlit skíðalyfta*

Bláfjöll er stærsta skíðasvæði landsins en þar eru 15 skíðalyftur með flutningsgetu upp á u.þ.b. 13.600 ferðir á klukkustund. Bláfjallasvæðið skiptist í þrjú megin svæði:

- Nyrst er Eldborgargil en þar eru þrjár diskalyftur og ein kaðallyfta.

- Miðsvæðis er Kóngsgil en þar eru tvær stólalyftur, tvær diskalyftur og tvær kaðallyftur.
- Syðst er svo Sólskinsbrekka þar sem eru fjórar diskalyftur og Suðurgil þar sem er ein stólalyfta.

*Mannvirki sem tilkynnt hafa verið til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum*

Eftirfarandi mannvirki hafa fengið umfjöllun Skipulagsstofnunar og eru ekki taldar matskyldar.

- Togbraut í Kóngsgili verður flutt suður fyrir hólinn sem hún liggur í.
- Landmótun við togbraut á svæði Fram.
- Byrjendatogbraut við Eldborgargil.
- Ný stólalyfta í Kóngsgili, núverandi stólalyfta tekin niður síðar.
- Rýmkun svæðis og stækkun núverandi bílastæða við Ármannsskála.
- Núverandi raflýsing skíðagöngubrauta endurbætt.
- Uppsetning snjósöfnunargirðinga víðsvegar við lyftur, togbrautir og skíðaleiðir.
- Endurbætur núverandi bílastæða og lagning nýrra stæða.
- Breikkun vegar frá Bláfjallaskála að Suðurgili.

*Mannvirki sem ekki hafa verið tilkynnt til ákvörðunar um mat á umhverfisáhrifum*

Umhverfisstofnun bendir á að eftirfarandi mannvirki eru utan núverandi skipulags og hafa ekki fengið umfjöllun Skipulagsstofnunar vegna hugsanlegrar matskyldu:

- Gert er ráð fyrir að koma megi fyrir allt að þremur nýjum skíðaskálum sunnan við skíðaskála Breiðabliks. Einn skáli hefur nú þegar verið reistur.
- Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi og stjórnstöð á svæði austan bílastæðis neðan Suðurgils.
- Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi á toppi Bláfjalla.
- Gert er ráð fyrir diskalyftu frá flöt neðan Drottningargils og upp með gilinu sunnanverðu. Þá er gert ráð fyrir lyftuhúsi við neðri endastöð.
- Gert er ráð fyrir diskalyftu frá neðri endastöð beygjulyftu í Eldborgargili og upp brekku til vesturs.
- Stækkun núverandi skála og breytingar og viðbætur á núverandi skíðalyftum á svæðinu.
- Snjóframleiðsla: borplön, dæluhús, miðlunargeymar og lagnir.
- Stólalyftugeymsla við Kónginn.
- Aðstöðuhús fyrir skíðagöngufólk.
- Landmótun vegna skíðagönguhings.
- Stækkun byggingarreits fyrir stækkun vélaskemmu.
- Diskalyfta suðaustan við ÍR/Víkingsskála.

Umhverfisstofnun bendir á að ekki er tekið fram sérstaklega um hvaða skála er verið að ræða þar sem segir „stækkun núverandi skála og breytingar og viðbætur á núverandi skíðalyftum á svæðinu“.

**Náttúruminjar**

Skíðasvæðið í Bláfjöllum fellur innan Bláfjallafólkvangs sem var friðlýstur með auglýsingu nr. 173/1985. Samkvæmt auglýsingu er jarðrask á svæðinu óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar. Skíðasvæðið skal skipulagt til skíðaiðkana eftir því sem efni þykja til en hvers konar mannvirkjagerð er háð samþykki Umhverfisstofnunar.

## *Gróðurfar*

Samkvæmt gróðurkortu er landsvæðið í Bláfjöllum tiltölulega lítt gróið. Flatlendið sem að mestu er þakið nútímahraunum er betur gróið en fjalllendið. Einkennandi gróðursamfélög á svæðinu eru mosasamfélög oftast með talsverðri þekju af smárunnum og grösum. Einkennandi fyrir skíðasvæðið í Bláfjöllum er raskað land í nágrenni við lyftur og önnur mannvirki og er raskið áberandi í landslaginu einkum þegar snjólaust er.

Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í tillögu að deiliskipulagi að afar mikilvægt sé að vandað verði til vinnu við landmótun á skipulagssvæðinu þannig að framkvæmdir falli eins vel og kostur er að landslaginu og að forðast skuli eins og hægt sé að skerða þann litla gróður sem fyrir er á skipulagssvæðinu.

## *Jarðfræði og jarðmyndanir*

Helstu jarðminjar á svæðinu sem afmarkast af Heiðinni hárrí, Eldborg og Bláfjöllum eru móbergshryggir, brot, hraun og gígar. Móbergshryggir einkenna skíðasvæðin. Einn gígur er við enda nýju stólalyftunnar í Kóngsgili og er fyrirhugaður toppskáli við þennan sama gíg. Núverandi upplýst göngubraut liggur um austurhlíðar nútímadyngju sem nefnd hefur verið Strompar en þar eru margir gígar á litlu svæði. Frá dyngjunni rennur hraun til vesturs og norðurs og eru í því fallegir hraunhellar. Göngubrautin hefur einkum sjónræn áhrif á svæðinu. Ekki hefur verið kannað sérstaklega hvaða áhrif það hefur á svæðið ef öll núverandi braut verður varanlega merkt eða rudd en ljóst er að fyrirhugaðar framkvæmdir á göngubrautum mun skaða hraun á svæðinu. Hraunin eru að mestu slétt helluhraun sem eru viðkvæm fyrir raski.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt 37. gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999 þá njóta eldvörp, gervigígar og eldhraun sérstakrar verndar og skal forðast röskun þeirra eins og hægt er. Stofnunin telur því brýnt að skoðað verði vel hvernig hægt sé að útfæra fyrirhugaðar framkvæmdir á þann hátt að sem minnst rask verði á hrauni og að þess verði gætt að göngubraut verði ekki lögð um sérstaklega viðkvæm svæði t.d. um gíga og viðkvæm eldhraun. Stofnunin telur jafnframt að ekki eigi að ryðja nútímahraun við gerð gönguskiðabrauta.

## **Deiliskipulag**

Skíðasvæðið í Bláfjöllum er skilgreint innan þeirra akstursvega sem liggja að svæðinu og út fyrir Suðurgil og Eldborgargil.

## *Gönguskiðasvæði*

Leggja á tvöfalda og 10 metra breiða skíðagönguleið í um 2 km langan hring út frá aðstöðuhúsi fyrir skíðagöngufólk. Um 500 metrar brautarinnar munu liggja yfir jaðar Strompahrauns sem er fremur hólótt. Brautin skal láta falla sem best að hólóttu landslaginu og landið undir brautina skal jafnað með aðfluttu efni svo að breytingin verði verði afturkræf með því að fjarlægja efnið. Restin af hringnum liggur á lítt grónum mel þar sem þyrfti að hreinsa grjót frá. Gert er ráð fyrir að gönguleiðin verði raflýst, ekki hefur verið ákveðið hvernig staðið verður að lýsingunni en samkvæmt deiliskipulagstillögu skal það gert í samráði við Umhverfisstofnun.

Umhverfisstofnun bendir á umfjöllun sína hér að framan um jarðfræði og jarðmyndanir. Stofnunin bendir einnig á að samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þá er jarðrask óheimilt á svæðinu nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til, en ekki hefur verið leitað til stofnunarinnar vegna framkvæmdarinnar sem að mati stofnunarinnar getur haft í för með sér töluvert jarðrask á hraunmyndunum. Stofnunin telur að með því að bera í brautina aðflutt efni þá sé verið að breyta ásýnd svæðisins verulega. Stofnunin leggur áherslu á það að

gönguskiðabrautir séu lagðar þannig að þær falli sem best að landslagi og að undirlagi þeirra sé ekki raskað meira en kostur er.

### *Bílastæði*

Árið 2004 var áætlað að um 700 til 800 bílastæði væru við skíðasvæðið. Gert er ráð fyrir því að bílastæði við Ármannsskála verði stækkað með því að taka efni úr hól við bílastæðið og stæðum fjölgað um 200. Einnig er gert ráð fyrir því að byggja upp nýtt bílastæði við Breiðabliksskála á milli núverandi bílastæða og mynda þannig eitt stórt bílastæði. Þá er gert ráð fyrir að bílastæði norðan Breiðabliksskála verði tvöfaldað að stærð með lengingu þess til suðurs. Efni í þessar framkvæmdir verður tekið úr hól við Ármannsskála.

Gert er ráð fyrir að önnur núverandi bílastæði verði hækkuð í landinu og lagfærð. Efni í þær framkvæmdir verður tekið úr hól við Ármannsskála.

Umhverfisstofnun vill benda á að mikilvægt sé að bílastæði verði vel afmörkuð svo komið sé í veg fyrir utanvegaakstur eins og hægt er.

### *Byggingar - nýir skálar skíðafélaga*

Gert er ráð fyrir að koma megi fyrir allt að þremur nýjum skálum fyrir skíðafélög á byggingarreit sunnan skíðaskála Breiðabliks. Byggingarreiturinn er samtals 12 þúsund m<sup>2</sup> en flatarmál gólfflatar hvers skála skal að hámarki vera 750 m<sup>2</sup>. Mænishæð verði að hámarki 7,5 metrar. Einn skáli, ÍR/Víkingskálinn hefur þegar verið reistur.

### *Þjónustuhús á toppi Bláfjalla*

Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi á toppi Bláfjalla skammt frá endastöð fyrirhugaðrar stólalyftu. Byggingarreiturinn er 900 m<sup>2</sup> og flatarmál gólfflatar skálans skal að hámarki vera 250 m<sup>2</sup>. Mænishæð verður að hámarki 6 metrar og er þakform gefið frjálst. Jarðraski verður haldið í lágmarki við framkvæmdir vegna nálægðar við móbergsgíg. Byggingarreitur þjónustuhússins er ekki innan gígsins né á gígbarminum.

Umhverfisstofnun vísar aftur í umfjöllun sína hér að framan um jarðfræði og jarðmyndanir og ítrekar að öllu jarðraski sé haldið í lágmarki við framkvæmdirnar. Stofnunin telur einnig að mikilvægt sé að sýnileika hússins sé haldið í lágmarki. Umhverfisstofnun bendir á að til að draga úr sjónrænum áhrifum mannvirkja þá væri hægt að notast við efnisvið er fellur vel inn í landslag og svipmót landsins sbr. 35.grein náttúruverndarlaga um hönnun mannvirkja.

### *Þjónustuhús og stjórnstöð*

Gert er ráð fyrir þjónustuhúsi og stjórnstöð á svæði austan bílastæðis neðan Suðurgils. Byggingarreiturinn er 1550 m<sup>2</sup> en flatarmál gólfflatar skal að hámarki verða 80 m<sup>2</sup>. Mænishæð verði að hámarki 4,5 metrar.

### *Aðstöðuhús fyrir skíðagöngufólk*

Um 3000 m<sup>2</sup> byggingarreitur fyrir aðstöðuhús skíðagöngufólks er staðsettur sunnan við bílastæði við Ármannsskála. Flatarmál gólfflatar skal að hámarki vera 100 m<sup>2</sup> og mænishæð 4,5 metrar. Gert er ráð fyrir möguleika á tengingu við kaldavatns og fráveitulögn en tryggja þarf að fráveitukerfið geti borið þá viðbót áður en tengt er inn á kerfið.

Í greinargerð er gert er ráð fyrir að rotþrær verði settar niður innan byggingarreita þeirra skála sem fyrirhugaðir eru á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að endanlegur skipulagsuppdráttur skuli innihalda merkingar á staðsetningu rotþró og þurfa rotþró og

siturlagnir að vera af viðeigandi stærð og gerð sbr. reglugerð nr. 798/1999 um fráveitur og skólp. Stofnunin hefur útbúið leiðbeiningar um rotprær og siturlagnir og er þær að finna á heimasíðu stofnunarinnar ([www.ust.is](http://www.ust.is)).

Stofnunin bendir jafnframt á að ekki kemur fram hvernig lagningu nýrra vatnslagna verði háttað, t.d. hvort þær verði grafnar í jörð og hversu mikið rask það muni koma til með að hafa í för með sér.

### *Stólalyftugeymsla*

Nýr byggingarreitur um 1860 m<sup>2</sup> að stærð fyrir stólalyftugeymslu við Kónginn. Þar hefur þegar verið byggð stólalyftugeymsla.

### *Viðbyggingar við núverandi byggingar*

Flestar þeirra bygginga sem fyrir eru á svæðinu verða þar áfram, en mögulegt verður að byggja við þær. Þessar byggingar eru:

- Bláfjallaskáli, stærð byggingarreits er um 1500 m<sup>2</sup> og skal flatarmál gólfplatar viðbyggingarinnar vera að hámarki 700 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.
- Borgarskálinn, stærð byggingarreits er um 850 m<sup>2</sup> og skal flatarmál gólfplatar viðbyggingar vera að hámarki 500 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.
- Vélaskemma, stærð byggingarreits er um 1850 m<sup>2</sup> og er gert ráð fyrir að skemman geti stækkað til beggja enda. Flatarmál gólfplatar viðbyggingar skal vera að hámarki 400 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.
- Skíðaskáli Breiðabliks, stærð byggingarreits er um 2500 m<sup>2</sup> og flatarmál gólfplatar viðbyggingar skal að hámarki vera 500 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.
- Ármannsskáli hefur verið stækkaður. Stærð byggingarreits er um 1800 m<sup>2</sup> og skal flatarmál gólfplatar viðbyggingarinnar vera að hámarki 500 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.
- Skíðaskáli Fram, stærð byggingarreits er um 2000 m<sup>2</sup> og skal flatarmál gólfplatar viðbyggingar vera að hámarki 700 m<sup>2</sup> og ekki fara yfir mænishæð núverandi byggingar.

Umhverfisstofnun bendir á að samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þá er hvers konar mannvirkjagerð háð samþykki Umhverfisstofnunar. Ekki hefur verið leitað sérstaklega eftir samþykki stofnunarinnar og því hefur sú mannvirkjagerð sem hér um ræðir ekki fengið sérstaka umfjöllun sbr. ákvæði 38.gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd.

### *Skíðalyftur*

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir fjórum nýjum byggingarreitum fyrir skíðalyftur en þeir eru eftirfarandi:

- Byggingarreitur frá flöt neðan Kóngagils upp á fjallsbrún norðan hæsta tinds Bláfjalla. Heimilt er að reisa allt að 6 sæta stólalyftu ásamt tilheyrandi mannvirkjum við endastöðvar. Búið er að reisa 4 sæta stólalyftu, Kónginn.
- Byggingarreitur frá flöt neðan Drottningargils og upp með gilinu sunnanverðu. Heimilt er að reisa diskalyftu ásamt lyftuhúsi við neðri endastöð. Hámarksflatarmál lyftuhúss

er 10 m<sup>2</sup> á einni hæð.

- Byggingarreitur frá bílastæði neðan Eldborgargils og upp fyrir skíðaskála Fram þar sem heimilt er að reisa toglyftu.
- Byggingarreitur frá neðri endastöð beygjulyftu í Eldborgargili og upp brekku til vesturs þar sem heimilt er að reisa diskalyftu.

Að auki er gert ráð fyrir eftirfarandi breytingum innan byggingarreita:

- Að beygjulyfta í Eldborgargili verði tekin niður og sett hennar í stað tvær diskalyftur, önnur yfir í Eldborgargil en hin sem nýtist sem tengilyfta yfir í Kóngsgil.
  - Diskalyfta fyrir byrjendur verði reist við Bláfjallaskála
  - Að diskalyftur sem nefnast Borgarlyftan og Bifröst verði lengdar um allt að 70 metrar.
  - Að byrjendalyfta í Sólskinsbrekku verði snúið og staðsett önnur samskonar lyfta við hlið hennar.
  - Nýr byggingarreitur verði til fyrir diskalyftu suðaustan við ÍR/Víkingssskála.
- Snjóveita*

Gert er ráð fyrir að hefja framleiðslu á snjó sem dreift verður um brekkurnar og áætlað er að kerfið verði sett upp í tveimur til þremur áföngum. Skilyrði fyrir snjóveitunni er að gerð verði úttekt þar sem mat á áhrifum frekari uppbyggingar skíða og útivistarsvæðis í Bláfjöllum verði gert með tilliti til vatnsbóla Reykjavíkur. Þar verði einnig fjallað um varnir gegn olíumengun og um framkvæmd og rekstur snjóveitu á svæðinu. Ekki verður leyfilegt að nota íblöndunarefni við snjóframleiðsluna.

#### *Borplön, dæluhús og miðlunargeymar*

Eftir fyrsta áfanga er gert ráð fyrir um 3000 m<sup>2</sup> borplani sem staðsett er norðan við vélaskemmuna. Boraðar verða tvær 300 metra djúpar holur. Úr holunum verður vatni dælt í miðlunargeymi og þaðan veitt í dæluhús. Dæluhús og miðlunarhús verða 60 m<sup>2</sup> að stærð og frá því verður vatninu dælt upp í brekkurnar.

Fyrir annan og þriðja áfanga er gert ráð fyrir borplönum/byggingarreitum annars vegar norðvestan við bílastæðin í Eldborgargili og hinsvegar norðan megin við veginn sem liggur að Ármannsskála.

#### *Lagnir og snjóbyssur*

Lagnir verða lagðar neðanjarðar og stútar verða á lögnum sem á verða settar snjóbyssur. Í fyrsta áfanga verða lagnir allt að 3 km að lengd og í síðari áföngum er gert ráð fyrir að leggja um 3 km af lögnum við Suðurgil annars vegar og Eldborgargil hins vegar.

#### *Efnistaka*

Efni í þær framkvæmdir sem fyrirhugaðar eru vegna endurbóta á vegum og bílastæðum verður tekið úr hól við Ármannsskála. Áður en farið er í frekari efnistöku úr áður nefndum hól skal gerð áætlun um efnistöku í samræmi við 48.gr laga um náttúruvernd nr. 44/1999.

Umhverfisstofnun vill ítreka að samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þá er jarðrask óheimilt á svæðinu nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til, en ekki hefur verið leitað eftir leyfi stofnunarinnar fyrir efnistöku.

#### **Niðurstaða**

Umhverfisstofnun vill árétta að samkvæmt auglýsingu um fólkvanginn þá er jarðrask á svæðinu óheimilt nema með leyfi Umhverfisstofnunar og jafnframt þá er hvers konar

mannvirkjagerð háð samþykki stofnunarinnar. Einnig bendir Umhverfisstofnun á að samkvæmt 38.gr laga nr. 44/1999 um náttúruvernd þá þurfi að leita leyfis stofnunarinnar fyrir framkvæmdum sem hætta er á að spilli friðlýstum náttúruminum.

Að framansögðu bendir stofnunin á að tilgangur með stofnun fólkvangsins í Bláfjöllum var að skipuleggja svæðið til skíðaiðkunar og falla fyrirhugaðar framkvæmdir sem fjallað er um í deiliskipulagi innan þessa tilgangs. Umhverfisstofnun telur mikilvægt að vandað sé til verks, að jarðmyndunum sé hlíf eins og kostur er og skerðingu á þeim verði haldið í algjöru lágmarki.

Stofnuninni hafa ekki borist erindi er varða leyfisveitingar á þeim mannvirkjum og efnistöku sem ekki er að finna á núgildandi deiliskipulagi svæðisins og hafa því ekki komið til álita stofnunarinnar.

Virðingarfyllt

Ólafur A. Jónsson  
Deildarstjóri

A. Bera Guð.  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir